

# Markaðs- og kynningarmál
# Vefur og hönnunarkerfi
# 2023-2024

# Lykilverkefni og markaðsaðgerðir

Það þarf að leggjast í markvissa markaðssetningu næstu fimm ára. Markmiðið með þeim aðgerðum er að efla vörumerkið Reykjanesbær, afmarka bæinn frá öðrum sveitarfélögum og þar með auka sýnileika og einkenni hans með jákvæðu yfirbragði.

Áður en hafst er handa við aðgerðirnar þá þarf fyrst og fremst að finna auglýsingastofu sem hefur áhuga á að vinna með Reykjanesbæ við endurhönnun markaðsefnis og uppbyggingu jákvæðrar ímyndar á Reykjanesbæ.

# Endurmörkun markaðsefnis

Það er kominn tími til að fara í endurmörkun ásýndarinnar á Reykjanesbæ þar sem lögð verður áhersla á að gera hana aðgengilegri og líflegri. Einnig þarf að skoða hvernig hægt er að aðlaga hana betur að þeim skilaboðum sem bæjarfélagið vill koma frá sér. Heildarsamræmi í hönnun er mikilvægt fyrir notendaupplifun; bæði ánægju og skilvirkni en ekki síður til að skapa traust og auka áhuga fólks á bæjarfélaginu.

Endurhönnun á markaðsefni þarf einnig að endurspegla betur slagorðið **„Í krafti fjölbreytileikans“** en jafnframt staðfærslu markaðsstefnunnar sem tengist krafti, seiglu og þrautseigu samfélagsins sem kemur svo skýrt fram í markaðsstefnunni.

**SAMRÆMT ÚTLIT = SKAPAR TRAUST OG TRÚVERÐUGLEIKA**


Oslo
Takk
for at du
kildesorterer!










Oslo
Meny
Kontakt
Min side
Her er ditt Oslo.
Hva leter du etter i dag?
Søk
Døgnåpne vakttjenester
Skole og utdanning
Barnehage

# Hönnunarkerfi Reykjanesbæjar

Hönnunarkerfið verður samansafn leiðbeininga um notkun og framsetningu á litum, letri, raddblæ, vörumerki og verkferlum um hvernig við þróum stafrænar lausnir. Þetta er rafrænn vettvangur fyrir markaðsefni sem allir innan stjórnsýslunnar hafa aðgang að og eiga að nota sem leiðarljós við markaðsvinnu sinna stofnana.

- Hönnunarkerfð er ætlað til að samræma nálgun í hönnun mismunandi hluta á ásýnd bæjarfélagsins.
- Hönnunarkerfð á að vera aðgengilegt fyrir alla þá sem vinna að hönnunar- og markaðsmálum Reykjanesbæjar í innri vef þar sem hægt verður að finna allar teikningar, útfærslur, liti, leturgerðir, form og tákn hönnunarkerfsins.
- Hönnunarkerfð á að auðvelda okkur að setja nýja þjónustu í loftið á stuttum tíma og einfalda rekstur og viðhald stafrænnar þjónustu Reykjanesbæjar til muna.

# Útlitshönnun á heimasíðu

Þegar hönnunarkerfið hefur verið tekið í notkun er rökrétt skref að endurnýja heimasíðu Reykjanesbæjar sem samræmist nýju útliti, tón og litasamsetningu.

Hönnun á síðum skapalónum og einingum – Wireframes - Fréttasíður
Umsóknarform – Yfirlitssíður – Upplýsingasíður - Síður með töflum
Efnisyfirlit fyrir undirflokka o.s.frv.

Vefurinn þarf að einnig endurspegla nýja vefstefnu.

## HEIMASÍÐAN ER ANDLIT REYKJANESBÆJAR

# Markaðssetning hefst 2024

Stefnan er að hefja markvissa markaðssetningu árið 2024 þegar Reykjanesbær heldur upp á 30 ára afmælið. Þá verður endurmörkun lokið og hönnunarkerfð hefur verið tekið í notkun.

Markaðsherferðin verður byggð á niðurstöðum úr rannsóknum Brandr vörumerkjastofu sem og stefnu Reykjanesbæjar ásamt þeirri sögu og einkennum sem bærinn býr yfir (útgerðin, varnarliðið, tónlistin, menningin, skólarnir, íþróttirnar og náttúran.

Í samráði við auglýsingastofu / markaðsstofu verður mótað nýtt slagorð/mantra sem vinnur með staðfærslu sveitarfélagsins „Í Reykjanesbæ setjum við kraft í allt sem við gerum. Það verður lagt til að sérstök áhersla verði lögð á stoðirnar fjórar sem eru menning, nýsköpun, íþróttir og náttúra.

# INNRI MARKAÐSSETNING

Efla innri markaðssetningu bæjarfélagsins og byggja upp betri liðsheild. Styrkja sjálfsmynd og stolt íbúa, sannfæra þá um ágæti sveitarfélagsins.

Staðarsjálfsmynd er oft hluti af sjálfsmynd hvers einstaklings og á sama hátt er það gott fyrir einstaklinga að hafa sterka sjálfsmynd, er gott fyrir samfélag eins og Reykjanesbær að hafa sterka staðarsjálfsmynd

Staðarsjálfsmynd íbúa í Reykjanesbæ mælist vel yfir meðallagi. Íbúar tengja sterklega við að Reykjanesbær sé staður með sál og sögu en einnig að bæjarbúar séu almennt mjög vinalegir. Þættir eins og að vera stoltir, að tengjast sterkum böndum og tilheyra Reykjanesbæ mælast einnig mjög hátt.

# Vefir Reykjanesbæjar

Þegar horft er yfir Reykjanesbæ þá eru of margar síður og vefkerfi í gangi og erfitt er að hafa yfirsýn á öllu. Jafnframt er ekki samræmt útlit á vefjum og erfitt fyrir notendur oft að átta sig að tilheyrandi vefsíða sé jafnvel á vegum sveitarfélagsins. Hér mun hönnunarkerfi spila stóran þátt í að samrýma útlit og halda utan hönnunar- og textavinnu starfsfólks og þeirra sem koma að hönnun fyrir bæjarfélagið hvort sem það er fyrir prent, skjái eða stafræna miðla.

- Mikilvægt er að hafa verkferla fyrir undirbúning, uppsetningu, vöktun og innsetningu efnis á vefsvæðum.
- Uppfærsla á vefstefnu mun aðstoða að ná utan um vefsvæði Reykjanesbæjar.
- Megin ástæðan fyrir því að vefir sveitarfélaga á íslandi eru almennt slakir er að oftast vantar mikinn stuðning við vefmál og stafræna þjónustu. Þekkt er að sveltir og vanræktir vefir verða yfirleitt aldrei góðir.

# Ný heimasíða

Samhliða endurmörkun ásýndar á Reykjanesbæ þarf að líta til vefsíðu sveitarfélagsins og uppfæra í samræmi við nýtt efni. Við erum að sjá sveitarfélög nálægt okkur sem eru framarlega í stæfræni þróun færast yfir í opin vefkerfi og styðjast við hönnunarkerfi. Helst ber að nefna Reykjavík og Hafnarfjörð.

Við höfum átt gott samtal við Hafnarfjörð til að fara yfir aðdragandann og ferilinn sem þeir hafa tekið í þessari stafrænni vegferð sem þau eru í.

- Mikilvægt er að klára vinnu við uppsetningu á hönnunarkerfi svo hægt sé að notast við kerfið á uppsetningu og uppfærslum á nýjum vefum.
- Klára þarf þarfagreiningu og notendaprófanir á vef.

# Ferlið hjá Hafnarfirði

1. Farið var í endurmörkun ásýndar Hafnarfjarðar.
2. Þarfa- og notendagreining var gerð á vef. - Mikið var stuðst við mælingar gegnum Siteimprov.
3. Grafískum einingum, myndum og var komið yfir í hönnunarkerfi
4. Kostnaðarmat var fengið frá vefstofum og opið vefkerfi valið.
5. Vinnsla efnis fyrir nýjan vef – Raddblær, einföldun á textum. Ráðgjafi sem hafði unnið að rödd og tón fyrir hönnunarkerfið var fengin í þessa efnisvinnu.

- Mikið hagræðing er hjá Hafnarfirði að stefna að því að allir vefir bæjarins verði í sama vefumsjónarkerfi upp á að samnýta virkni og hönnun.
- Einföldun á textum styður betur við þýðingu fyrir enska hluta á vef Hafnarfjarðar.
- Leitarvélin er hjartað í vefnum og þangað beina þeir notendum vefsins enda telja þeir það skilvirkustu leiðina að efninu.
- Allar heimasíður fara í gegnum vefdeild og ekki slakað neitt á að framfylgja því. Þetta er talið mjög mikilvægt atriðið svo réttir ferlar séu notaðir frá byrjun. - Eru að fara í sömu átt og við með drög að nýrri vefstefnu Reykjanesbæjar.







https://honnun.hafnarfjordur.is/